

Fundur í skólaráði 14. mars.

Mættir voru: Stefán húsvörður, Júlíus, Guðrún, Hrafnhildur og Ingólfur.

Foföll: Svana, Grazyna, Stefán Már og Ingibjörg Jenný.

Dagskrá:

1. Farið yfir síðustu fundargerð
2. Skóladagatal næsta skólaárs
3. Ýmsar upplýsingar
4. Önnur mál

1. Síðasta fundargerð var send í pósti, engin athugasemd við hana.
2. Guðrún fór yfir áætlað skóladatal 2011 – 12.

Aðal breyting frá fyrra skóladagatali er að skólaárinu verður skipt í fjórar annir og hefur námsmatsteymi gert tillögur að námsmati í samræmi við það. Vetrar- og vormat verða eins og hingað til en á miðri vetrar- og vorönn er áætlaður óformlegur vitnisburður kennara sem byggist á verkefnabók úr mentor um námsframvindu hvers nemenda í formlegu viðtali umsjónakennara, nemenda og foreldra.

Eins og undanfarin ár þá verður fundað með foreldrum um árangur nemendanna eftir vetrarpróf og staðan metin.

Hugsanlegar breytingar gætu orðið á skóladagatalinu vegna fyrirhugaðrar Bostonferðar á PBS námskeið 16. – 18. nóvember.

3. Guðrún upplýsti fundarmenn um Ameríkuferð kennara sem farin var til að kynna starfsemi nokkurra skóla í New-York sem hafa um langan tíð unnið með PBS hegðunarkerfið.

Ennfremur upplýsti Guðrún að fjármunir sem safnast höfðu vegna fatamarkaðar skólans fyrir skemmstu hefðu farið í kaup á ýmsum enskubókum sem koma til með að styrkja enskukennsluna í skólanum. Eins sagði Guðrún frá því að skólinn hefði fest kaup á rafmagnspíanói sem auðvelt væri að flytja til innan skólans til nota, í stað flygils sem staðsettur er í tónmenntastofu.

Fleira ekki gert og því fundi slitið

Ingólfur H. Matthíasson.